

Sá óvænti atburður varð hér í upphafi skammdægis, að íslenskur myndlistarmaður, búsettur erlendis um árabíl, kom og efndi til sýningar að Kjarvalsstöðum á nýju skipulagi fyrir Reykjavík og teikningum af næsta framandlegum húsum, sem hann vill sjá hér í stað steinsteypu-kassanna. Þessi maður er Þórður Ben Sveinsson, einn af stofnendum SÚM og löngum verið kenndur við framúrstefnu í myndlist, en starfandi sjónmenntakennari í Düsseldorf í Þýskalandi um 11 ára skeið. Mennt segja gjarna að hugsjónir séu sem óðast að deyja út með aldamótakynslóðinni, sem var ölvuð að framfarahug. En hér höfum við þó að minnasta kosti eitt dæmi um mann af yngri kynslóð, sem leggur á sig geysilega vinnu við að teikna upp hugmyndir sínar, bæði af skipulagi Reykjavíkur, svo og einstökum gerðum húsa, — og tekur á sig þann kostnað að flytja þetta til Íslands og sýna að Kjarvalsstöðum án þess að hafa von um að hægt sé að selja uppí innrömmunarkostnað, hvað þá meira.

Hvað gerðist svo? Sum dagblaðanna sáu ástæðu til að ræða við Þórð; þar gerði hann grein fyrir hugmyndum sínum og ekkert nema gott um það að segja. Frá arkitektum heyrðist hvorki stuna né hósti, og hefði þó staðið þeim næst að hefja umræður og skoðanaskipti um sýninguna og hugmyndirnar, sem þar voru reifaðar. Hjá almenningi hefur sýningin ugglaust farið fyrir ofan garð og neðan í upphafi jólaannríkisins, enda er fólk alveg afskiptalaust um það umhverfi, sem ókunnugum mönnum við teikniborð þóknast að búa til handa því.

Sýningin var tvískipt. Annarsvegar voru skipulagshugmyndir um Reykjavík framtíðarinnar, þegar íbúatalan hefur tvöfaldast frá því sem nú er, en hinsvegar hugmyndir um yfirbyggð ylstræti og gerð íbúðarhúsa fyrir íslenskar aðstæður.

Örfá orð um skipulagið fyrst. Eins og margsinnis hefur verið bent á hér í Lesbók og víðar, vill Þórður taka flugvallarsvæðið í Vatnsmýrinni undir byggð. Hann gerir ráð fyrir að gamli miðbærinn teygist þangað svo sem eðlilegt verður að teljast. Á miðju svæðinu er einskonar kjarni, eða yfirbyggt torg og liggja yfirbyggð ylstræti út frá því. Þórði finnst á hinn bóginn að ekki sé hægt að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur og vill leysa málið með flugvelli vestast á Sel-tiarnarnesi.

allstórt á Alftanesi gerir Þórður ráð fyrir allstórt byggð raðhúsa, sem tengist Vatnsmýrarsvæðinu með brú. Önnur brú tengir það við Kópavogstangann og brú er úr Kópavogi og yfir í Nauthótsvík. Þessar brýr eiga sinn þátt í að stórminnka fjarlægðir og draga úr óhóflegum akstri. En Þórður gerir einnig ráð fyrir að borgin vaxi til austurs. Fáránlegar vegalengdir innan borgarinnar eru kostnaðarsamar og tímafrekar og svo mjög hefur borginni verið drepið á dreif, að hún er stærri um sig en sumar milljónaborgir.

## SJÁ NÆSTU SÍÐU.

Þórður hefur lagt til, að í stað hinna kassalöguðu íbúðarblokka, verði byggt meira af smærri húsum, þar sem öll frumformin koma fyrir — og garður, yfirbyggður með gleri, á hverju þaki. Hér má sjá þrjár gerðir slíkra húsa.

